



**Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
í gagnkvæmnismóttöku
til heiðurs
Alexander Stubb, forseta Finnlands,
og Suzanne Innes-Stubb
í Helsinki
8. október 2025**

Finnlandsforseti, Alexander Stubb
og Suzanne Innes-Stubb,
aðrir háttvirtu gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða til þessarar móttöku til heiðurs finnsku forsetahjónunum hér í Finnlandi, landi sem við Íslendingar dáumst að af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess að þið leggið rækt við sjálfbærni, menntun og menningarlíf.

Dálæti mitt á Finnlandi á einmitt rætur að rekja til menningarlegra samskipta, þegar skólakórinn minn heimsótti Rovaniemi snemma á níunda áratugnum. Ég man hvað ég varð hissa þegar ég frétti að borgin væri opinbert aðsetur jólasveinsins, ekki aðeins vegna þess að hún var einn grænasti staður sem ég hafði þá séð heldur einnig vegna þess að við Íslendingar töldum okkur eiga sérstakt tilkall til jólasveinsins. Kórsystir mín setti málin í samhengi þegar hún minnti á að þótt Ísland væri þrisvar sinnum minna en Finnland gætum við státað af

fleiri jólasveinum, hvorki fleiri né færri en þrettán! Þessir hrekkjalómar eru synir tröllskessunnar Grýlu sem stingur íslenskum börnum, sem haga sér illa, í pokann sinn og sýður þau síðan í potti.

Sem betur fer kynntumst við Björn heillavænlegri tröllum þegar við eignuðumst sjálf börn. Við flúðum ósjaldan með þeim í Múmíndalinn og til allrar hamingju voru Múmíntröll skáldkonunnar Tove Jansson eins ólík Grýlu og sveinunum hennar og dagurinn nóttinni. Múmíndalurinn varð einstakur ævintýraheimur fyrir alla í fjölskyldunni, griðastaður vináttu, fegurðar og samvinnu, þeirra gilda sem við vildum miðla til barna með hjálp Tove Jansson. Heimsókn okkar í Arkitektúr- og hönnunarsafnið fyrr í dag, þar sem við fengum að sjá sýninguna Flóttinn til Múmíndalsins, var því ekki aðeins hrífandi heldur hafði hún djúpa merkingu fyrir okkur hjónin. Heimurinn hefur sjaldan haft jafn ríka þörf fyrir stað þar sem góðvild og samkennd ríkja, stað sem eykur trú okkar á að við getum byggt upp betri heim í sameiningu.

Sköpunarverk Tove Jansson leiðir talið að efni sem hefur verið mér hugleikið um langa hríð: velferð íbúa landa okkar tveggja, sérstaklega ungs fólks. Rannsóknir sýna að unglingar á Vesturlöndum eyða nú að meðaltali allt að níu klukkustundum á dag í símanum, þar af drjúgum hluta þess tíma á samfélagsmiðlum. Þeir eru betur tengdir en nokkru sinni fyrr en þversögnin er sú að þeir hafa aldrei verið einangraðri. Þessi stafræni innheimur, sem á að auðvelda samskipti, vekur reiði, vinnur gegn velferð barnanna okkar og heggur jafnvel að rótum lýðræðisins. Fjöldi „þumla“ og fylgjenda er orðinn mælistika sjálfsvirðingar. Í stað þess að styrkja samfélagið, sem þeir draga nafn sitt af, ýta þessir miðlar undir samkeppni, kvíða og einmanaleika. Í stað þess að skapa raunveruleg tengsl milli einstaklinga eru þeir átakavettvangur nettrölla og farvegur falsfrétta.

Við verðum að hjálpa ungu fólki að öðlast jafnvægi, kenna því að greina rétt frá röngu. Velferð unga fólksins má ekki týnast í ólgusjó upplýsingaóreiðu eða

verða stafrænu staðfestingarferli að bráð. Og þetta er ekki sértækt unglíngavandamál heldur er um samfélagslegt viðfangsefni að ræða. Finnland hefur að mínu viti gengið á undan með góðu fordæmi á þessu sviði. Menntakerfi ykkar snýst ekki aðeins um námsárangur heldur styður það einnig við andlega líðan barna, allt frá fyrsta skólastigi. Þið fléttið fagþekkingu sálfræðinga inn í skólastarf, leggið áherslu á farsæld og lítið á geðheilbrigði sem forgangsverkefni í samfélaginu. Á Íslandi erum við einnig að stíga ýmis skref í rétta átt – með snemmtækri íhlutun, skólaþjónustu og baráttu gegn einelti og fordómum.

Ég geri mér grein fyrir að ekki er hægt að ná utan um andlega líðan með gátlistum – það er snúnara að mæla hana en til að mynda kaffíneyslu sína eða hlaupahraða (sem ég veit reyndar að Alex og Suzanne fylgjast náið með). Þetta snýst ekki bara um próf eða skjátíma. Þetta snýst um að sjá til þess að sérhvert ungmenni skynji að það sé séð, það sé stutt við bakið á því og það metið að verðleikum. Þetta er ekki einfalt verkefni en eitt þeirra sem Norðurlöndin eru vonandi fær um að takast á við í sameiningu. Við höfum lengi sammælst um að velferð byggist á því við önnumst hvert um annað. En jafnvel í norrænum velferðarsamfélögum, þar sem traust ríkir, má greina merki um breytingar. Við verðum vör við aukna sundrung, vaxandi einmanaleika og stigmögnun ofbeldis. Og þetta kallar ekki aðeins á mótvægisáðgerðir heldur hugrekki.

Skömmu eftir að ég tók við embætti átti sér stað skelfilegur harmleikur. Á árlegri Menningarnótt í Reykjavík réð unglingur öðrum unglingi bana. Íslenska þjóðin var sem þrumu lostin. Kallað var eftir hertri löggjöf, fjölgun lögreglumanna og jafnvel að málmleitartæki yrðu tekin í notkun í skólum. En sum okkar, þar á meðal syrgjandi foreldrar fórnarlambins, töldu meiri þörf fyrir annars konar viðbrögð – viðbrögð sem byggðu á kærleika. Í framhaldi af samtali mínu við hóp ungs fólks og ýmsa málsmetandi aðila var hleypt af stokkunum átaki sem kallast

Riddarar kærleikans. Til varð hreyfing sem byggir á góðvild, samkennd og umhyggju, hreyfing sem heldur á lofti sömu gildum og einkenna Múmíndal.

Þessi sjálfboðaliðahreyfing náði fótfestu um allt land; hún hefur staðið fyrir fjölmörgum tónleikum og menningarviðburðum, kærleikshópar hafa verið stofnaðir í skólum og staðið fyrir kærleikshringjum undir forystu ungs fólks. Meðal afurða starfsins er eitt lagið sem þið heyrið hér í kvöld. Það var samið af tveimur unglingsstúlkum frá Hofsósi sem kusu að bregðast við ofbeldinu, ekki með reiði heldur á merkingarríkan hátt, með kærleika. Söngkonan Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir, GDRN, sem er meðhöfundur lagsins, segir ykkur betur frá tilurð þess hér á eftir. Þó að lagið sé sungið á íslensku er ég sannfærð um að norrænn kærleikstakturinn muni skila sér. Lagið hljómar vafalaust betur en þegar kórinn minn reyndi að syngja „Tuku tuku lampaitani“ í Rovaniemi við mikla kátínu heimamanna. Ein af eftirlætis hendingum mínum í textanum, sem þið heyrið brátt, er svohljóðandi: „Vertu viti á leið fyrir vini í neyð.“

Kæru Alex og Suzanne:

Það hefur verið okkur Birni einstakur heiður að verja undanförunum tveimur dögum með ykkur og styrkja vináttuböndin sem urðu til þegar við hittumst, ásamt fleiri norrænum leiðtogum, í Berlín á liðnu ári. Eins og við ræddum þá um eru Norðurlöndin samanlagt tíunda stærsta hagkerfi heims. Í því felst bæði hart og mjúkt vald, í senn ábyrgð og tækifæri til að gera heiminum gagn. Lykilatriði er að við stöndum saman, vinir og samstarfsmenn sem láta sér annt um velferð hvers annars.

Oft byggist velferð á veglyndi eins og ég kynntist óvænt fyrir næstum áratug síðan í fari fyrrum forseta Finnlands, Tarja Halonen, sem stundum var kölluð „Múmínmamma“. Leiðir okkar lágu saman á kvennaviðburði í Bandaríkjunum. Rétt áður en dagskráin hófst krækti ég þrjónuðu peysunni minni í hurðarhún

þannig að á hana kom gat. Án þess að hika seildist Tarja ofan í Múmíntöskuna sína, dró þaðan upp þrjóna og stoppaði í gatið. Mér fannst þessi einfaldi, sjálfsprottni vinargreiði lýsa ykkur Finnum vel – hann jók enn frekar dálæti mitt á landi ykkar og þjóð. Reynolds síðustu tveggja daga hefur staðfest hve djúpstæð vinátta okkar er og hversu magnað það er þegar við tökum höndum saman.

Ég trúir því staðfastlega að ef við Norðurlandabúar berum gæfu til að vinna saman, læra hvert af öðru og gæta hvers annars getum við ekki aðeins tryggt komandi kynslóðum lífvænlega heldur einnig farsæla framtíð. Og þá er eins víst að við verðum ekki bara viti hvers annars á leið heldur heimsbyggðarinnar allrar. Í kvöld skulum við lyfta glösum og skála fyrir varanlegri vináttu Íslands og Finnlands – og fyrir framtíðinni sem við getum mótað í sameiningu.

Kippis! Skál!